

## Skýrsla

83

30. júní

um aðalfund amtsráðsins í Austuramtinu 28.—30. júní 1902.

Árið 1902, laugardaginn 28. júní var aðalfundur Austuramtsins settur og haldinn á Vopnafirði, af amtmanni Páli Briem, aðalamtráðsmanni Austurskaptafellssýslu Þorgrími hjeraðslækni Þórðarsyni á Borgum; aðalamtráðsmanni Sudurmúlasýslu, sýslumanni Axel Tulinius á Eskifirði; aðalamtráðsmanni Nordurmúlasýslu, sjera Einari Þórðarsyni í Hofteigi, og aðalamtráðsmanni Nordurþingeyjar-sýslu, hreppstjóra Árna Kristjánssyni í Lóni.

Á fundinum voru þessi mál tekin til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld eptirfilgjandi sjóða 1901, með fylgiskjölum:
  - a. Jafnaðarsjóðs Austuramtsins.
  - b. Búnaðarsjóðs Austuramtsins.
  - c. Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins.
  - d. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar.
  - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

2. Forseti lagði fram alla sýslusjóðsreikningana og sýsluvegasjóðsreikninga 1901, úr öllum sýslum amtsins með fylgiskjölum.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

3. Framlagt var brjef sýslumannsins í Nordurmúlasýslu dags. 30. sept. f. á., þar sem hann óskar þess fyrir hönd sýslunefndanna í Múlasýslum, að amtsráðið samþykki þá breyting á reglugjörð búnaðarskólans á Eiðum, að stjórnarnefnd skólans kjósi sjálf formann sinn, í stað ákvæða þeirra, er nú gilda, að annarhvor sýslumanna í Múlasýslum skal vera formaður hennar.

Amtsráðið samþykkti þessa breytingu, og fól forseta að leita staðfestingar landshöfðingjans á henni.

4. Framlagt var frumvarp til reglugjörðar um fjallskil og refaveiðar í Nordurmúlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað, er hlutadeigandi sýslunefnd og bæjarstjórn höfðu samþykkt

Amtsráðið staðfesti frumvarp þetta þannig, að það skyldi gildi öðlast 15. sept. 1902.

5. Forseti lagði fram skýrslu um hag alþýðustyrktarsjóða í Múlasýslunum 1900, og samskonar skýrslu um hag sjóða þessara í Nordurþingeyjarsýslu, Sudurmúlasýslu og Austurskaptafellssýslu fyrir árið 1901. — Skýrsla um hag alþýðustyrktarsjóða í Nordurmúlasýslu 1901 var í sýslufundargjörðunum.

Amtsráðið athugaði skýrslur þessar, og hafði ekkert við þær að athuga.

6. Framlagt brjef bæjarfógetans á Seyðisfirði, þar sem hann óskar þess fyrir hönd bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar, að amtsráðið veiti spítalanum á Seyðisfirði 300 kr. styrk úr úr jafnaðarsjóði 1902. Bónarbrjefi hans fylgdi reikningar spítalans síðastliðið ár.

83

Amtsráðið veitti spítalanum 300 kr. styrk 1903.

30. júní

7. Framlögð voru bónarbrjef frá stjórn kvennaskóla Eyfirðinga um venjulegan styrk til skóla þessa, og bónarbrjef frá sýslumanni Húnavatnssýslu um 150 kr. styrk til kvennaskóla Húnavatnssýslu. Bónarbrjefum þessum fylgdu reikningar skólanna og skýrslur þeirra.

Amtsráðið veitti hvorum skóla fyrir sig 100 krónur.

8. Framlagt var bónarbrjef frá Sigurði Sigurðssyni á Eidum, dags. 2. þ. m., um 300 kr. styrk til náms við kennaraskóla í Danmörku.

Beiðandanum voru veittar 200 kr. með 3 atkv. gegn 2.

9. Framlagður var reikningur bókasafns Austuramtsins 1901, með fylgiskjólum.

Amtsráðið raunsakadi þennan reikning og samþykkti hann síðan án athugasemda.

10. Framlögð voru og lesin upp eptirrit af gjörðarbókum allra sýslunefnda í amtinu:

a. fundargjörðir Norðurþingeyjarsýslu frá 3.—4. apríl 1902.

b. fundargjörðir sameinads sýslufundar beggja sýslunefndanna í Múlasýslum frá 20. sept. 1901.

c. fundargjörðir Norðurmúlasýslu frá 16.—18. apríl 1902.

d. fundargjörðir Suðurmúlasýslu frá 20. sept. 1901, og frá 22.—25. apr. 1902.

e. fundargjörðir Austurskaptafellssýslu frá 25. apríl 1902.

Amtsráðið fann ekkert að athuga við sýslufundargjörðir þessar.

11. Forseti lagði fram ýms skjöl viðvikjandi fjárkláðanum. Amtsráðið athugaði skjöl þessi, og ræddi fjárkláðamálið rækilega.

Síðastliðið haust hefir komið fyrir fjárkláðakind á Ketilsstöðum á Völlum í Suðurmúlasýslu og í vetur hefur komið fyrir ein kind grunsamleg í Norðfirði í sömu sýslu. Ennfremur kom það og fram á amtsráðsfundinum að í fyrra vor mundi hafa komið fyrir 3 gemlingar með kláða á Ánastöðum í Hjaltastadapínghá án þess að hreppstjórinn hefði skýrt frá þessu, eða gjört fullnægjandi ráðstafanir til þess að lækna það, og hefði hann látið hið kláðagrunaða fje með öllu afskiptalaust.

Í vor hefir fjárkláðinn, eins og eðlilegt er, komið fram í næstu hreppum við Jökulsá á Fjöllum, bæði í Axarfjarðarhreppi og Fjallahreppi; svo hefur hann og komið fram á tveim bæjum, öðrun í Jökulsdalshreppi og hinum í Saudaneshreppi.

Amtsráðið verður því að álíta, að kláðagrunaða svæðið nái nú frá Jökulsá á Fjöllum að Breiðamerkursandi í Austurskaptafellssýslu, með því að fje þaðan hafi beinlinis og óbeinlinis samgöngu við sauðfje á Hjeradi í Múlasýslum, og virðist því nauðsyn bera til, að einhverjar ráðstafanir verði að gjöra gegn fjárkláðanum á þessu svæði, því að ef hann er látinn afskiptalítill, þá má búast við að hann breiðist út enn meira, og magnist mjög mikið á kláðagrunaða svæðinu. Hins vegar álitur amtsráðið að það sje eigi unnt, að útrýma fjárkláðanum algjörlega á meðan engir kláðafróðir menn standa fyrir lækningunum, af því að alþýða manna getur eigi yfirleitt haft þá nákvæmni

og hirdusemi við þaðanir, sem nauðsynlegt er að hafa. Amtsráðið áleit að heppilegustu ráðstafanir væru, að fyrirskipa eina böðun á kláðagrunaða svæðinu frá Jökulsá á Fjöllum að Breiðamerkursandi. Böðun þessi á að fara fram næsta haust, eptir þriðju föngur, þó svo að henni sje lokið fyrir miðjan vetur. Hreppstjórar og aðstoðarmenn þeirra eiga að sjá um, að samgöngur milli hins þaðaða og óþaðaða sauðfjár verði engar. Þar sem svo ber á fjárkláða eptir þaðanir, þá virtist amtsráðinu nauðsynlegt að fyrirskipaðar væru tvennar þaðanir, á öllu kláðasjúku og kláðagrunuðu fje. Þaðanir eiga að fara fram, undir umsjón hreppstjóra og aðstoðarmanna.

Amtsráðið álitur nauðsynlegt, að brýnt sje fyrir hreppstjórum, að hafa vakandi auga með heilbrigðisástandi sauðfjárins á næsta hausti, sjerstaklega í rjettum og áminna rjettarstjóra um að hafa vakandi auga á, ef nokkursstaðar skyldi bera á fjárkláða í rjettum. Ennfremur álitur amtsráðið nauðsynlegt, að skodanir á sauðfje verði gjörðar mjög nákvæmar í sambandi við hinar lögskipuðu búfjárskodanir og svo næsta vor um rúning.

Amtsráðsmaður Norðurþingeyjarsýslu, tók það fram, að mikil hætta væri á því, að fjárkláðinn bærist yfir Jökulsá í Axarfirði, ef hann væri mikill í Kelduhverfi, og þessvegna virtist amtsráðinu nauðsynlegt, að þar væri framfylgt hinum sömu ráðstöfunum, sem annarsstaðar í Norðurþingeyjarsýslu.

Amtsráðið álitur nauðsynlegt, að, ef kláði kemur upp í sauðfje frá rjettum til jólaföstu, þá verði aðalreglan sú, að kláðasjúku kindurnar verði tafarlaust skornar; sjerstaklega ef eigandinn er í fjarlægð og ekki næst til hans.

Amtsráðið álitur nauðsynlegt, að þaðanir á sauðfje fari fram á sama tíma í sömu sveit. Þegar böðun fer fram á einum bæ, skal allt það fje það, sem þar er statt.

Amtsráðsmennirnir álíta að heppilegast mundi vera að panta Kreolin Pearson, með því að karbólsýrubað væri nokkuð hættulegt, en tóbaksbað talsvert dýrara, og að nauðsynlegt væri að baðefni væri fyrir hendi í 148,000 fjár, einusinni til hinnar almennu böðunar, og svo jafnmikið til vara, ef kláði kynni að koma upp einhversstaðar að vetrinum. Amtsráðsmennirnir gáfu bendingu um það, hve mikið skyldi flytja á hvern stað, og til hverra myndi heppilegast að senda þaðlyfin.

12. Amtsráðsmennirnir lögðu fram reikninga amtsins sem nefndir eru í tölulíð 1 og höfðu þeir endurskodað þá.

Reikningarnir voru samþykktir athugasemdalaust.

13. Framlagðir voru sýslusjóðsreikningar, endurskodaðir að amtsráðsmönnum, og voru þeir úrskurðaðir á þessa leið:

a. Við sýslusjóðsreikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugasvert:

1. Til hundalækninga hefur verið varið 97 kr. 18 a. og kvittað fyrir þessu, án þess að skýrt sje frá tölu hundanna, eða hvenær lækningar hafi átt sjer stað. Eptirleiðis ber að gæta þess.
2. Í fylgiskjali nr. 19. kvittar Snæbjörn verzlunarstjóri Arnljótsson fyrir 29 kr. fyrir hundalækningar 4 manna, en til þess hefir hann

- ekkert umboð, og má slíkt ekki eiga sjer stað eptirleiðis.
3. Í eignarskýrslunni eru talin stjórnartíðindi að mestu óbundin. Amsráðið athugar, að sýslan ætti að láta binda stjórnartíðindi sín sem fyrst.
    - b. Við sýslusjóðsreikning Norðurmúlasýslu þótti ekkert athugavert.
    - c. Við sýslusjóðsreikning Suðurmúlasýslu þótti athugavert:
      1. Samkvæmt fylgiskjali 59. er greitt fyrir endurskoðun þriggja hreppsreikninga í Fáskrúðsfjarðarhreppi 38 kr., en sundurliðaðan reikning um það, hve miklum tíma hafi verið varið til endurskoðunarinnar vantar, og ber að útvega hann og senda.
      2. Sundurliðun á jafnaðarsjóðsgjaldi og sýslusjóðsgjaldi virðist óþörf.
      3. Í gjaldlið II. er sóttvarnarkostnaður talinn 148 kr., án þess að sjáist í hverju hann er fölginn. Eptirleiðis væntir amtsráðið, að fá skýrslu um það, í hverju sóttvarnarkostnaður er fölginn, ef hann er greiddur úr sýslusjóði.
    - d. Við sýslusjóðsreikning Austurskaptafellssýslu, þótti athugavert, að hin eldri stjórnartíðindi eru óbundin. Amsráðið athugaði að sýslan ætti að láta binda stjórnartíðindi þessi sem fyrst.
  14. Framlagðir voru sýsluvegasjóðsreikningar, endurskoðaðir af amtsráðsmönnum, og voru þeir úrskurðaðir á þessa leið:
    - a. Við sýsluvegasjóðsreikning Norðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að sundurliðaðir reikningar um vegagjörðir í sýslunni vanta, og ber að útvega þá og senda, ásamt upplýsingum um það, í hverju þær eru fölgnar.
    - b. Við reikning Suðurmúlasýslu þótt ekkert athugavert.
    - c. Við reikning Austurskaptafellssýslu þótti athugavert.
      1. Fylgiskjöl reikningsins voru ómerkt.
      2. Í fylgiskjali um kostnað við vegagjörðir í Borgarhafnarlandi er talin borgun fyrir trje án þess að skýrt sje frá, hvernig trje þessi voru. Eptirleiðis ber að gæta þess.
    - d. Við sýsluvegasjóðsreikning Norðurmúlasýslu þótti athugavert:
      1. Skýrsla um verkfæra menn í Seyðisfjarðarhreppi fylgiskjal 13, er óundirskrifað.
      2. Í kvittunum verkmanna við vegagjörðir, er allvíða bætt við þeim athugasemdum, að ekki sje útborguð jöfn upphæð, eins og kvittað er fyrir. Reikningshaldara ber að skýra frá því, hvernig á þessu stendur.
      3. Í fylgiskjölum 17. til 19. er »borgað« skrifað neðan við nafn þess, sem á að taka á móti borgun. Amsráðið lætur að vísu við svo búíð standa í þetta sinn, en væntir þess, að eptirleiðis verði kvittanir þannig úr garði gerðar, að hlutaðeigandi menn skrifi nöfn sín undir kvittanir.
      4. Kvittanir vanta á fylgiskjöl 21. til 22. og ber að útvega þær og senda.

15. Forseti lagði fram beiðni Björns St. Guðmundsonar á Grjótnesi dags. 16. þ. 83 m. um að fa borgun fyrir baðlyf að upphæð 26 kr. 25 aura. Amsráðið 30. júní ákvað að greiða mætti þessa upphæð af jafnaðarsjóði.
16. Framlagðir voru reikningar búnaðarskólans á Eiðum, bæði yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans 1901—1902, og jafnaðarreikningur skólabúsins 6. júní 1902 ásamt fylgiskjölum og athugasemdum endurskoðenda.  
Reikningshaldara og skólastjóra hafði eigi gefizt kostur á að svara athugasemdum og var forseta því falið að geta þeim kost á að svara þeim, og úrskurða síðan reikningana.
17. Amsráðið tók til íhugunar að hin svokallaða »sóttarpest« í sauðfje hefði gjört mikinn skaða í amtinu síðastliðinn vetur og vor og þótti amsráðinu mikilsvert, að skýrslur væru árlega gerðar um veiki þessa, og fól það því forseta, að semja fyrirmynd að slíkri skýrslu, láta prenta hana og senda sýslunefndum með áskorun um, að þær legðu fyrir hreppsnefndir að gjöra þessar skýrslur við lok hvers árs, og senda þær svo til oddvita sýslunefndanna fyrir sýslufund.
18. Var þá samin og samþykkt svoljóðandi áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Austuramtsins árið 1903.

## Tekjur:

Jafnaðarsjóðsgjald . . . . . kr. 6000,00

## Gjöld:

1. Kostnaður við amsráðið . . . . .	kr. 1000,00
2. til mentamála:	
a. til bókasafns Austuramtsins . . . . .	kr. 500,00
b. — kvennaskóla í Húnavatnssýslu . . . . .	— 100,00
c. — kvennaskóla Eyfirðinga . . . . .	— 100,00
d. — bóka og áhaldakaupa Eiðaskóla . . . . .	— 100,00
e. — Eiðaskólans . . . . .	— 300,00
f. — Sigurðar Sigurðarsonar . . . . .	— 200,00
3. til spítala á Seyðisfirði . . . . .	— 300,00
4. Tillag til Búnaðarfjelags Íslands . . . . .	— 200,00
5. Ferðakostnaður búnaðarþingsfulltrúanna . . . . .	— 350,00
6. Afborgun og vextir af láni úr landssjóði fyrir baðlyf . . . . .	— 1288,00
7. Borgun á skuld við reikningshaldara frá f. á. vegna fjárkláðans . . . . .	— 1012,00
8. Til leikfimisfjelags Eskifjarðar . . . . .	— 50,00
9. — óvissra útgjalda . . . . .	— 500,00

Alls kr. 6000,00

83. Fleiri mál komu eigi til umræðu, fundarbók upplestin og samþykkt, og 30. júní var svo fundi slitið 30. júní.

Páll Briem                      Árni Kristjánsson                      A. Tulinius  
Porg. Þórðarson                      Einar Þórðarson.

Rjjet eptirrit úr fundarbók amráðs Austuramtsins staðfestir:

*Páll Briem.*

84

## Reikningur

yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1901.

### Tekjur:

1. Eptirstöðvar við árslok 1900			
a. Í landsbankanum . . . . .	kr.	1679 06	
b. Í peningum . . . . .	—	31 01	kr. 1710,07
2. Jafnaðarsjóðsgjald . . . . .	—		— 6900,00
3. Vextir af bankainnlögum <sup>31</sup> / <sub>12</sub> 1901 . . . . .	—		— 62,97
4. Færirst til jafnaðar gjaldliður 8. . . . .	—		— 11,10
			kr. 8684,14

### Gjöld,

1. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	kr.	349,00	
2. Kostnaður samkvæmt lögum 2. október 1891, um skipun dýralækna á Íslandi . . . . .	—	75,50	
3. 7. afborgun uppí og vextir af láni til Ölfusárbrúarinnar . . . . .	—	482,63	
4. Tillag til Hvanneyrarskólans fyrir skólaárið 1901—1902, samkvæmt 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða . . . . .	—	840,00	
5. Tillag til Hvanneyrarskólans fyrir skólaárið 1901—1902 samkv. ályktun amtsráðsins á fundi þess 25.—27. júní 1900 . . . . .	—	4500,00	
6. Menntamál. Styrkur kvennaskólans í Reykjavík . . . . .	—	100,00	
7. Ýmisleg útgjöld . . . . .	—	219,55	
8. Fyrirframborgun (vogreksauglýsing) . . . . .	—	11,10	
9. Eptirstöðvar við árslok 1901:			
a. Óendurgoldin fyrirframborgun . . . . .	kr.	11,10	
b. Í landsbankanum . . . . .	—	642,03	
c. Í peningum . . . . .	—	1453,23	— 2106,36
			kr. 8684,14

Suðuramtið, Reykjavík 7. janúar 1901.

*J. Havsteen.*